



## Valreglur landsliða eldri kylfinga (Liðakeppni EGA 50+)

### 1. gr.

Í flokki kvenna 50 ára og eldri er valið eitt landslið með sex einstaklingum til þátttöku árlega í Evrópumóti EGA.

Landsliðið skipa:

1. Íslandsmeistari kvenna í högggleik í Íslandsmóti eldri kylfinga. (Ef viðkomandi er atvinnukylfingur eða gefur ekki kost á sér mun afreksstjóri GSÍ velja kylfing í stað þessa sætis)
2. Þrír kylfingar (að Íslandsmeistara undanskildum) sem eru efstir á stigalista GSÍ öldungamótaraðar eftir 5 fyrstu mót ársins (staða tekin að loknu Íslandsmóti öldunga).
3. Tveir kylfingar sem valdir eru af afreksstjóra GSÍ. Tekið verður meðal annars tillit til árangurs kylfinga í mótum, forgjafar og þeirra valla sem leiknir eru í Evrópumóti hverju sinni.

Í flokki karla 50 ára og eldri er valið eitt landslið með sex einstaklingum til þátttöku árlega í Evrópumóti EGA.

Landsliðið skipa:

1. Íslandsmeistari karla í högggleik í Íslandsmóti eldri kylfinga. (Ef viðkomandi er atvinnukylfingur eða gefur ekki kost á sér mun afreksstjóri GSÍ velja kylfing í stað þessa sætis)
2. Þrír kylfingar (að Íslandsmeistara undanskildum) sem eru efstir á stigalista GSÍ öldungamótaraðar eftir 5 fyrstu mót ársins. (staða tekin að loknu Íslandsmóti öldunga).
3. Tveir kylfingar sem valdir eru af afreksstjóra GSÍ. Tekið verður meðal annars tillit til árangurs kylfinga í mótum, forgjafar og þeirra valla sem leiknir eru í Evrópumóti hverju sinni.

Afreksstjóri GSÍ skipar liðsstjóra fyrir bæði lið og kemur að undirbúningi liðana. Afreksstjóri GSÍ ásamt afreksnefnd GSÍ tilkynna formlega liðin fyrir 1. ágúst á hverju ári á heimasíðu GSÍ.

### 2. gr.

Áhugamaður sem nær tilskyldum aldri áður en keppni liðsins fer fram, hefur íslenskan ríkisborgararétt og er félagi í íslenskum golfklúbbi á kost á að verða valinn í landslið fyrir Íslands hönd.

### 3. gr.

Leikið skal á þeim teigum sem reglugerð hvers viðmiðunarmóts mótaraðar öldunga kveður á um.

4. gr.

Ef kylfingur sem hefur áunnið sér rétt á landsliðssæti afsalar sér þeim rétti mun afreksstjóri GSÍ velja kylfing í hans stað í liðið.

Allir landsliðsmenn skulu staðfesta að þeir treysti sér til að standast keppnisskilmála þeirra móta sem landslið tekur þátt í áður en lið eru tilkynnt opinberlega.

5. gr.

Stefna GSÍ er að almennt skuli keppendur og kylfuberar í golfmótum á vegum GSÍ ekki nota golfbíla meðan á leik standur (sjá reglugerð um bílanotkun).

6. gr.

Konur sem valdar eru í landslið fyrir mót EGA skulu ekki hafa hærri grunnförgjöf en 12.0 þegar liðið er tilkynnt til keppni.

Karlar sem valdar eru í landslið fyrir mót EGA skulu ekki hafa hærri grunnförgjöf en 9.0 þegar liðið er tilkynnt til keppni.

7. gr.

Greiðsluþátttaka keppenda sjálfs skal vera allt að kr.100.000 vegna þátttöku í mótinu.

Þannig samþykkt af afreksnefnd GSÍ þann 01.02.2020